



Eyrarrósinn

Framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Fyrstu Eyrarrósina, árið 2005, hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði; 2006 féll hún í skaut LungA, Listahátíðar ungs fólks á Austurlandi; Eyrarrósina 2007 hlaut Strandagaldur á Hólmavík, árið 2008 kom hún í hlut hinnar ísfirsku Rokkhátíðar alþýðunnar; Aldrei fór ég suður, og á þessu ári hlaut Landnámssetrið í Borgarnesi Eyrarrósina.

- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2010
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður afhent í ársbyrjun 2010 á Bessastöðum
- Verkefnið sem hlýtur viðurkenninguna fær sérstaka kynningu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2010
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú

HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM EYRARRÓSINA 2010

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinagóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

Tíma- og verkáætlun

Gerð skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2010. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2008 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2009 og verður öllum umsóknum svarað
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2010
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósinn“

Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík í síma 561 2444, johanna@artfest.is
www.listahatid.is